

Og nú, er eg hugsa um harm þinn leynt,
þá hrynja mér tár af brá,—
því eg skil það vel,— hefi einnig reynt,
að elska og missa og sakna' og þrá.

Sumt aftur eg vann, sem var af mér dæmt,
svo ábati' er skaða jafn.
En það, sem á aldrei afturkvæmt,
nú auðgar mitt helgasta minjasafn.

Eg veit að þín æfi er eyðileg,
og alstaðar skugga' á ber.
En jafnt því, sem fækkar um farinn veg,
því fegri þinn minningaheimur er.

Þótt grafir oss fyrnist og gleymist tár,
samt gneistar úr földum eld,—
því minningin vakir um öld og ár,
og ómar oss ljúfast ið hinsta kveld.

Viðar.



Þorsteinn Erlingsson.

Ræða, flutt á fundi Menningarfélagsins 2. apríl 1907.

Er vér lítum til þjóðar vorrar, eru skáld vor flestöll, á hverju aldarbili, náskyld og samróma í orðum og kenningum. Þau tilheyra flestöll sama skóla yfir hvert bókmentatímabil. Hvort það er af því, að vér erum svo fátæk og fámenn þjóð, eða það er af því hinn andlegi smekkur vor allra er svo líkur, að aðeins þessi eina kenning er oss við hæfi, er ervitt um að segja. Alstaðar fer þó ekki andleg og efnaleg fátækt saman.